



# Árshlutauppgjör 2F 2023

Orrí Hauksson og Óskar Hauksson

22. ágúst 2023

# Lykiltölur úr rekstri

	2F 2023	1H 2023
Tekjur	<b>6.283 m.kr.</b> 2F 2022: 6.036 m.kr.	<b>12.581 m.kr.</b> 1H 2022: 12.129 m.kr.
EBITDA	<b>1.410 m.kr.</b> 2F 2022: 1.399 m.kr.	<b>2.725 m.kr.</b> 1H 2022: 2.726 m.kr.
EBITDA %	<b>22,4%</b> 2F 2022: 23,2%	<b>21,7%</b> 1H 2022: 22,5%
EBIT	<b>362 m.kr.</b> 2F 2022: 682 m.kr.	<b>680 m.kr.</b> 1H 2022: 1.256 m.kr.
Fjárfestingar	<b>953 m.kr.</b> 2F 2022: 875 m.kr.	<b>2.569 m.kr.</b> 1H 2022: 1.130 m.kr.
Nettó skuldir / 12M EBITDA*	<b>0,98x</b> 4F 2022: 0,58x	
Handbært fé	<b>727 m.kr.</b> 4F 2022: 3.721 m.kr.	
Eiginfjárhlutfall	<b>55,1%</b> 4F 2022: 68,9%	
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	<b>1.394 m.kr.</b> 2F 2022: 1.567 m.kr.	

\* Án 200 m.kr. niðurfellingar stjórnvaldssektar á 4F 2022.

Nettó skuldir innihalda vaxtaberandi skuldir að meðöldum leiguskuldbindingum að frádregnu handbæru fé og útlánum Símans Pay.






**Rekstur**



# Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	2F			1H		
	2023	2022	%	2023	2022	%
Rekstrartekjur	6.283	6.036	4,1%	12.581	12.129	3,7%
Kostnaðarverð sölu	( 4.110)	( 3.597)	14,3%	( 8.265)	( 7.359)	12,3%
Rekstrarkostnaður	( 1.811)	( 1.757)	3,1%	( 3.636)	( 3.514)	3,5%
EBIT	362	682	-46,9%	680	1.256	-45,9%
Hrein fjármagnsgjöld	( 145)	( 165)	-12,1%	( 146)	( 73)	100,0%
Tekjuskattur	( 38)	( 107)	-64,5%	( 109)	( 220)	-50,5%
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	179	410	-56,3%	425	963	-55,9%
Aflögð starfsemi	0	95	-100,0%	0	288	-100,0%
Hagnaður tímabils	179	505	-64,6%	425	1.251	-66,0%
EBITDA	1.410	1.399	0,8%	2.725	2.726	0,0%
Hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi	0,06	0,05	20,0%	0,13	0,13	0,0%



## Góður tekjuvöxtur m.a. vegna breyttrar vörusamsetningar

- 12% vöxtur í sjónvarpi á milli ára
- Gagnaflutningstekjur aukast um rúm 6%
- Farsímatekjur aukast um ríflega 8%
- Talsverð lækkun í vörusölu

## EBITDA eykst lítillega á milli ára

- Kostnaður án afskrifta eykst um tæp 5% á milli ára. Stærri hluti aðfanga Símans er verðtryggður en áður var
- EBITDA hlutfall sveiflast innan ársins og mun hækka á síðari hluta þess





## Rekstrarhagnaður lækkar vegna aukinna afskrifta sýningarréttis og fjárfestinga í sjónvarpsefni fyrir Sjónvarp Símans

Útlánavöxtur Pay var tæpar 300 m.kr. á fjórðungnum

\* EBITDA og EBIT í myndum eru án 200 m.kr. niðurfellingar stjórnvaldssektar á 4F 2022.

# Tekjur eftir starfspáttum

Starfspættir	2F				1H			
	2023	2022	Breyting	%	2023	2022	Breyting	%
Farsími	1.592	1.469	123	8,4%	3.105	2.882	223	7,7%
Talsími	269	367	-98	-26,7%	548	745	-197	-26,4%
Gagnaflutningur	1.989	1.870	119	6,4%	3.955	3.728	227	6,1%
Sjónvarpsþjónusta	1.795	1.601	194	12,1%	3.633	3.274	359	11,0%
Vörusala	406	492	-86	-17,5%	878	941	-63	-6,7%
Annað	232	237	-5	-2,1%	462	559	-97	-17,4%
<b>Samtals</b>	<b>6.283</b>	<b>6.036</b>	<b>247</b>	<b>4,1%</b>	<b>12.581</b>	<b>12.129</b>	<b>452</b>	<b>3,7%</b>





# EBITDA afkoma óbreytt frá fyrra ári

Umtalsverð breyting varð á vörusamsetningu fyrr á árinu og höfðar framboð félagsins nú til fleiri markhópa en áður

- Grunnur fyrir sölusókn haustsins

Sé horft fram hjá framlegðarlausum einskiptisliðum sem tengjast sölu á fjarskiptabúnaði til Mílu á 1F 2022 jukust tekjur Símans um 541 m.kr. (4,5%) milli tímabila

Tekjuaukning er mest í sjónvarpi eða 11% á milli ára

- Auglýsingatekjur aukast um 7% á milli ára

Tæplega 8% aukning í farsímatekjum, um helmingur er vegna aukningar í reikitekjum

- Á móti lækka magnsendingar í SMS um 60% sem voru COVID tengdar tekjur

Fjármagnstekjur hækka talsvert m.a. vegna aukinna útlána Símans Pay og hærri vaxta

- Stýrivextir á tímabilinu að meðaltali 4% hærri en ári áður

Heildarkostnaður án afskrifta eykst um 4,8% á milli ára

- Aukinn kostnaður frá fjarskiptabirgjum enda verðbólga há og umræddur kostnaður að hluta verðtryggður
- Launakostnaður eykst á milli ára vegna launaskriðs og starfsmannaveltu

Afskriftir aukast um 575 m.kr. á milli ára eða tæp 40% sem er vegna fjárfestinga í tæknibúnaði og í sjónvarpsefni og sýningarréttum sem hafa 2-3ja ára afskriftatíma

Öll fjármögnun Símans er á fljótandi vöxtum og því hækkar vaxtakostnaður umtalsvert á milli tímabila

- Síminn var með fullnýttan útgáfuramma á víxlum á fyrri helmingi þessa árs en meðalstaða víxla var lægri á sama tímabili í fyrra

Aukin útlán kalla á auknar varúðarfærslur

- 65 m.kr. færð til gjalda á 1H en rauntöp lægri



# Efnahagur og sjóðstreymi




# Efnahagsreikningur


Eignir	30.06.2023	31.12.2022
Rekstrarfjármunir.....	2.534	2.466
Leigugeignir.....	847	941
Óefnislegar eignir.....	21.839	22.122
Aðrar eignir.....	576	580
<b>Fastafjármunir</b>	<b>25.796</b>	<b>26.109</b>
Birgðir.....	1.336	1.212
Viðskiptakröfur.....	2.118	2.045
Útlán.....	1.944	1.359
Aðrar skammtímakröfur.....	1.054	1.048
Verðbréf færð á gangvirði.....	0	15.687
Handbært fé.....	727	3.721
<b>Veltufjármunir</b>	<b>7.179</b>	<b>25.072</b>
<b>Eignir alls</b>	<b>32.975</b>	<b>51.181</b>

Skuldir og eigið fé	30.06.2023	31.12.2022
Eigið fé.....	18.161	35.261
<b>Eigið fé</b>	<b>18.161</b>	<b>35.261</b>
Skuldabréfalán.....	5.963	5.956
Leiguskuldbinding.....	627	731
Viðskiptaskuldir.....	0	639
Tekjuskattsskuldbinding.....	200	89
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>6.790</b>	<b>7.415</b>
Skammtímalán.....	1.909	1.929
Viðskiptaskuldir.....	4.700	4.788
Næsta árs afborganir.....	265	251
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.150	1.537
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>8.024</b>	<b>8.505</b>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>32.975</b>	<b>51.181</b>


Hreinar vaxtab. sk. með leiguskuldb. og Pay útlánunum




Eiginfjárhlutfall



Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA\*



Arðsemi eigin fjár\*



Hreinar vaxtaberandi skuldir taka tillit til útlána hjá Símanum Pay. Leiguskuldbindingar taldar með frá árinu 2019.

\*Án stjórnvaldssektar árið 2020 og 2022.



# Sjóðstreymi

Sjóðstreymi	2F 2023	2F 2022	1H 2023	1H 2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Rekstrarhagnaður ársins.....	362	682	680	1.256
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....	1.048	717	2.045	1.470
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....	1	0	1	(4)
	<u>1.411</u>	<u>1.399</u>	<u>2.726</u>	<u>2.722</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum.....	(17)	168	(162)	481
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.394	1.567	2.564	3.203
Nettó greiddir vextir.....	(124)	(151)	(6)	(176)
Greiddir skattar.....	(236)	(209)	(394)	(348)
Handbært fé frá rekstri	1.034	1.207	2.164	2.679
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>				
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(953)	(875)	(2.569)	(1.130)
Útlán Símans Pay.....	(288)	(50)	(554)	(169)
Sala á verðbréfum.....	0	0	15.685	152
Fjárfestingahreyfingar	<u>(1.241)</u>	<u>(925)</u>	<u>12.562</u>	<u>(1.147)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Greiddur arður.....	0	(500)	(499)	(500)
Viðskipti með eigin bréf.....	(809)	(961)	(1.452)	(1.891)
Útgreitt hlutafé.....	0	0	(15.580)	0
Afborganir leiguskuldbindingar.....	(66)	(47)	(129)	(93)
Nettó breyting á lánum.....	<u>(21)</u>	<u>(1.168)</u>	<u>(21)</u>	<u>(1.186)</u>
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(896)</u>	<u>(2.676)</u>	<u>(17.681)</u>	<u>(3.670)</u>
Breytingar á handbæru fé.....	(1.103)	(2.394)	(2.955)	(2.138)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....	(2)	0	(39)	(6)
Handbært fé í upphafi árs.....	1.832	3.759	3.721	3.509
Handbært fé í lok tímabilsins.....	<u>727</u>	<u>1.365</u>	<u>727</u>	<u>1.365</u>

**Þann 29. janúar sl. var gengið frá sölu á skuldabréfi sem Síminn fékk sem hluta að söluandvirði Mílu á síðasta ári.**

**Alls voru greiddar 16,2 ma.kr. til hluthafa þann 31. mars**

- 15,7 ma.kr. hlutafjárlækkun og 500 m.kr. arðgreiðsla

**Eiginfjárlutfallið er nú 55,1%**



**Staða á handbæru fé lækkar vegna arðgreiðslna og afborgana af sýningarrétti á 1F.**

**Síminn lauk sölu á nýjum skuldabréfaflokki fyrir 1,5 m.kr. þann 23. júní sl. en söluandvirði flokksins var greitt til Símans þann 3. júlí sl.**



# Fjárfestingar

# Fjárfestingar



## Fjárfesting í sjónvarpsefni og sýningarréttum er framhlaðin

- Hátt í 70% af fjárfestingu ársins í efnisréttum sjónvarps falla til á fyrri hluta ársins
- Önnur greiðsla vegna sýningarréttar að enska boltanum féll til á 1F 2023 en ekkert var greitt vegna réttarins árið 2022
- Meginhluti samnings við HBO færðist á fjárfestingu á fyrri helmingi ársins



**Um starfsemina**





# Samstarf Símans og HSÍ um dreifingu á íþróttæfni

Síminn hefur gengið til samstarfs við Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) um dreifingu á íslenskum handbolta til áhorfenda um land allt

HSÍ er fyrsta íslenska íþróttasambandið sem selur sjónvarpsútsendingar beint til viðskiptavina sinna

HSÍ mun setja upp sjálfvirkan upptökubúnað í öllum keppnissölum og getur þá streymt beint frá öllum viðburðum sem þar fara fram

Viðburðirnir verða síðan aðgengilegir línulega og ólínulega í Sjónvarpi Símans sem annast allan tæknirekstur, reikningagerð og innheimtu

Þessu til viðbótar verður valinn einn leikur vikulega sem sýndur verður í opinni dagskrá í Sjónvarpi Símans.

Síminn væntir mikils af þessu samstarfi enda þróunarverkefni sem mögulega nýtist fleiri íþróttagreinum á komandi árum





# Síminn Pay

Útlán Símans Pay halda áfram að aukast


- Léttkortið keyrir útlánaaukninguna áfram, en 80% af nýjum lánum er vegna Léttkortsins og 20% vegna Léttkaupa

Áframhaldandi þróun á Léttkortinu

- Nýlega byrjað að bjóða upp á Ícelandair punktasöfnun þar sem korthafar stjórna punktasöfnun
- Samstarf við VÍS um sölu ferðatrygginga í appinu þar sem viðskiptavinir geta keypt og sagt upp tryggingu hvenær sem er
- Fleiri nýjungar í vinnslu sem verða kynntar á næstu mánuðum

Rafrænar beiðnir

- Rafrænar beiðnir njóta vinsælda, en þær tryggja öryggi, gegnsæi og stýringu úttekta hjá fyrirtækjum
- Hefur verið notað í viðskiptum upp á 2,5 ma.kr.



Staða útlána í lok ársfjórðungs (m.kr.)



# Fjármögnun

Síminn hefur að markmiði að vera með blandaða fjármögnun, þ.e. annars vegar bankafjármögnun og hins vegar markaðsfjármögnun

Eftir nokkurra ára hlé frá útgáfu á markaði byrjaði Síminn að gefa út víxla árið 2021

- Útgáfurammi fyrir víxla var 2 ma.kr.
- Viðtökur fjárfesta hafa verið góðar og hefur álag farið stíglækkandi með hverri útgáfu

Næsta skref í markaðsfjármögnun var tekið í lok 2F þar sem seld voru skuldabréf til 3ja ára að fjárhæð 1,5 ma.kr.

- Bréfin voru seld í lokuðu útboði
- Kjör voru 1M REIBOR + 1,3% álag

Ef aðstæður eru hagfelldar mun Síminn skoða frekari útgáfu á haustmánuðum

Síminn hefur aðgang að 5 ma.kr. í ódregnum lánalínunum og fjárfestingageta því talsverð



6M víxlar	Útgefið (m.kr.)	Vextir	6M REIBOR	Álag
jún 2021	1.540	2,75%	1,75%	1,00%
mar 2022	340	4,75%	3,89%	0,86%
okt 2022	1.100	7,20%	6,56%	0,64%
nóv 2022	900	7,20%	6,68%	0,52%
apr 2023	1.100	8,87%	8,39%	0,48%
maí 2023	900	9,80%	9,51%	0,29%




**Hluthafar**



# Hluthafar



Hluthafar 11.8.2023	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	461.194.170	16,62%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	253.771.439	9,14%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	215.422.187	7,76%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	214.577.095	7,73%
Íslandsbanki hf,safnskráning 2	165.358.279	5,96%
Gildi - lífeyrissjóður	149.446.085	5,39%
Birta lífeyrissjóður	106.467.528	3,84%
Stapi lífeyrissjóður	102.451.623	3,69%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	94.830.504	3,42%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	82.616.129	2,98%
<b>10 stærstu hluthafar</b>	<b>1.846.135.039</b>	<b>66,53%</b>
Aðrir hluthafar	806.810.054	29,07%
<b>Samtals útistandandi hlutir</b>	<b>2.652.945.093</b>	<b>95,60%</b>
Eigin bréf	122.054.907	4,40%
<b>Heildarhlutafé</b>	<b>2.775.000.000</b>	<b>100%</b>



## Arður, endurkaup og lækkun hlutafjár

- Greiddur var tæplega 500 m.kr. arður 31. mars 2023
- Sama dag var hlutafé félagsins lækkað um 1.440 m.kr. með 15,7 ma.kr. greiðslu til hluthafa
- Þann 21. mars var tilkynnt um framkvæmd endurkaupaáætlunar upp á 1 ma.kr. og lauk henni þann 17. júlí sl.
- Þann 18. júlí var tilkynnt um nýja áætlun að fjárhæð 1 ma.kr. og hafa kaup skv. henni hafist
- Endurkaup á 1H 2023 námu samtals 1.468 m.kr.

## Hluthafar voru 1.068 í lok 2F 2023

Hlutabréf Símans hafa lækkað um 2,8% það sem af er ári og jafnframt lækkað um 3,7% undanfarna 12 mánuði



**Horfur 2023**



# Afkomuspá fyrir árið 2023 er óbreytt

Væntingar eru til þess að breiðara vöruframboð skili sér í sterkum sölutölum frá hausti og á næstu misserum

- Framboð Símans á hágæða sjónvarpsefni hefur aldrei verið meira og við teljum að þrátt fyrir framleiðsluvanda vestan hafs vegna verkfalla muni eftirspurn halda sér

Fjárfestingar í sjónvarpsefni kunna að minnka hraðar en búist var við en á móti kann slík breyting að valda einhverri hækkun á rekstrarkostnaði - en umfangið liggur ekki fyrir

EBITDA spá ársins er óbreytt

Spá um fjárfestingar ársins er óbreytt en sem fyrr segir ríkir nokkur óvissa um nákvæmlega hversu mikil áhrif verða af minna framboði á erlendu sjónvarpsefni í haust

\* Án kostnaðar vegna tíðnileyfa í farsíma



EBITDA

5,9 - 6,3 ma.kr.

Fjárfestingar

3,6 – 3,9 ma.kr.\*



**Viðaukar**

# Lýsing starfspáttá

**Farsími:** Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.

**Talsími:** Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

**Gagnaflutningur:** Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.

**Sjónvarp:** Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.

**Vörusala búnaðar:** Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

**Annað:** Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum.

# Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

